

Mál nr. 101/2009

M

og

Vátryggingafélagið X v/A og v/B

Árekstur Völvufelli 05.02. 2009.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 19.03. 2009, ásamt fylgiskjöllum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 06.04. 2009.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Bifreiðinni A var ekið í “handbremsubeygju” líkt og ökumaður bifreiðarinnar heldur fram, eftir Völvufelli frá leikskólanum sem þarna er. Álitafnið er hvort hann hafi ekið í veg fyrir B sem ók Völvufell til norðurs. Bifreiðin B var á sumardekkjum.

M heldur því fram að rekja megi árekstur þennan til vanbúnaðar B.

Vátryggingafélagið telur að ökumaður A skuli bera meginábyrgð á árekstrinum því hann hafi átt að víkja fyrir umferð um Völvufell, en að rétt sé að leggja nokkra ábyrgð (1/4) á B þar sem bifreiðin var á “slitnum sumardekkjum”.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður A ábyrgð á árekstrinum fyrir að aka í veg fyrir B. Athygli vekur að ökumaður A tók að því er hann segir “handbremsubeygju” í hálku sem telja verður alls ófullnægjandi aksturslag við þær aðstæður sem fyrir hendi voru.

Ekki er itlefni til að leggja ábyrgð á ökumann B, þrátt fyrir að bifreiðin hafi verið á sumardekkjum. Ekki hefur verið sýnt fram á að rekja megi áreksturinn til vanbúnaðar B.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 20. apríl 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.